

Fundargerð 103. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn þann 28. Janúar 2016, kl. 15:00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir:

Sigurður Kári Kristjánsson,
Sigrún Árnadóttir,
Fjóla Hrund Björnsdóttir,
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.frkvstj. sem jafnframt ritaði fundargerð.

Inná fundinn komu undir lið nr. 3 forsvarsmenn Íslenskra fasteigna, Gunnar Thoroddssen og Sveinn Björnsson.

1. *Fundargerð síðasta fundar*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Tilboð í fasteignir og kaupsamningar*

Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblað varðandi kauptilboð og kaupsamninga undir þessum lið.

a. *Tilboð í Bogatröð 23 (2114) frá Eignarhaldsfélaginu Laugaás ehf.*

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð frá Eignarhaldsfélaginu Laugaás ehf. í Bogatröð 23 (2114). Stjórn samþykkti kauptilboðið og fól framkvæmdastjóra að ganga frá málinu.

b. *Tilboð í Klettatröð 19A (2435) frá Unnari Steini Bjarndal og Lilju*

Valþórsdóttur fh. Óstofnaðs félags

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð frá Unnari Steini Bjarndal og Lilju Valþórsdóttur fh. óstofnaðs félags í fasteignina að Klettatröð 19A (2435). Stjórn samþykkti tilboðið og fól framkvæmdastjóra að ganga frá málinu.

c. *Tilboð í Bogatröð 1 (534) frá Kristmundi Árnasyni fh. Óstofnaðs félags*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð frá Kristmundi Árnasyni fh. Óstofnaðs félags í fasteignina að Bogatröð 1 (534).

Stjórn hafnaði tilboðinu og fól framkvæmdastjóra að gera tilboðsgjafa gagntilboð.

d. *Tilboð Breiðbraut 673 frá Ævari Ingólfssyni, Gunnari Birni Gunnarssyni og Gísla Rúnari Eiríkssyni.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð frá Ævari Ingólfssyni, Gunnari Birni Gunnarssyni og Gísla Rúnari Eiríkssyni í fasteignina að Breiðbraut 673.

Stjórn ákvað að fresta afgreiðslu þessa máls og fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

- e. *Tilboð í Skógarbraut 917 frá Ævari Ingólfssyni, Gunnari Birni Gunnarssyni og Gísla Rúnari Eiríkssyni. - HGSKIL*

Framkvæmastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð frá Ævari Ingólfssyni, Gunnari Birni Gunnarssyni og Gísla Rúnari Eiríkssyni í fasteignina að Skógarbraut 917. Stjórn hafnaði þessu tilboði.

- f. *Tilboð í Valhallarbraut 757 frá RFL ehf. - HGSKIL*

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð RFL í Valhallarbraut 757. Stjórn frestaði málinu og fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

- g. *Tilboð í Skógarbraut 914 frá Viðskiptavit ehf. – HGSKIL*

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð frá Viðskiptaviti ehf. í Skógarbraut 914. Stjórn hafnaði tilboðinu.

- h. *Tilboð í Skógarbraut 923 frá Aðalsteini Hallbjörnssyni fh. Óstofnaðs félags - HGSKIL*

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð frá Aðalsteini Hallbjörnssyni fh. Óstofnaðs félags í Skógarbraut 923. Stjórn hafnaði tilboðinu og fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

3. *Íslenskar fasteignir*

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð frá Íslenskum fasteignum sem lagt var fram til kynningar á síðasta stjórnarfund.

Inná fundinn undir þessum lið, um kl. 16.00, gengu svo forsvarsmenn Íslenskra fasteigna. Kynning og umræður.


4. *Önnur mál*

Tilboð í Lindarbraut 635 frá WOW Air.

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð sem barst rétt fyrir stjórnarfund frá WOW Air í Lindarbraut 635. Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

Næsti stjórnarfundur áætlaður 18.febrúar 2016 nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.25


Fjóra Hnund Björnsdóttir

